



Fréttabréf forseta

Apríl 2016

Kæru formenn í Delta Kappa Gamma

„Í apríl fer að vora, víst hlakka ég til“ segir í ljóði eftir Tryggva heitinn Þorsteinsson fyrrum skátaforingja hér á Akureyri. En þrátt fyrir að ekki sé vorlegt um að litast þessa stundina þá er nú apríl samt hálfnaður og örstutt í **vorþingið okkar** 30. apríl.



Síðasti skráningardagur var settur 18. apríl en alltaf má bæta við einum og einum stól ef einhver sem ekki var búin að skrá sig fær bakþanka. Þátttaka er góð og við hlökkum til spennandi þings með áhugaverðri dagskrá. Minnum líka á happdrættið góða sem efnt verður til á þinginu til styrktar menntun barna í Perú. Ef einhverjar vilja styrkja það sem ekki mæta á þingið þá er hægt að greiða fyrir miðann inn á reikning landsambandsins og fá nafnið sitt þannig í pottinn.

Erlendar nefndir

Íslenskar félagskonur hafa verið duglegar að gefa kost á sér til setu í nefndum alþjóðasambandsins. Landsambandsstjórn þakkar þeim öllum fyrir frábær störf og minnir á að í sumar hefst nýtt tímabil með nýjum stjórnnum og hvetjum við ykkur eindregið til að nota næstu vikur til að kynna ykkur á vefnum í hverju starf hveðrar nefndar felst og hugleiða að gefa kost á ykkur, en umsóknarfresturinn er til 1. júní. Umsóknareyðublað er á vefnum (þarf Member ID og password til að opna) en einnig má senda póst til okkar í stjórninni og láta vita af áhuga og þá munum við aðstoða við að koma þeim upplýsingum á framfæri ásamt meðmælum frá landsambandsstjórn.

Umsókn í Lucile Cornetet sjóðinn

Ég minni aftur á að **1. maí** er næsta „deadline“ á að sækja um í einstaklingshluta Lucile Cornetet sjóðsins. Hér má finna umsóknareyðublaðið. Í síðasta bréfi var meira fjallað um sjóðinn og reglur hans og bendi ég á

þann pistil til upprifjunar.

Alþjóðþingið í Nashville

Þing alþjóðasambandsins verður haldið í **Nashville, Tennessee, 5.–9. júlí** næstkomandi. Ég hef ekki heyrt um mikla þátttöku okkar íslensku kvennanna enda kannski skiljanlegt því þetta er langt og dýrt ferðalag. Íslenskar konur hafa verið öllu duglegri að sækja Evrópuþingin og það næsta verður haldið í **Tallin í Eistlandi** sumarið 2017. Ég hvet ykkur allar til að byrja strax að leggja til hliðar upp í kostnað við þátttöku og fjölmenna til Eistlands.

Að loknum aðalfundum deilda

Ég minni ykkur á að senda mér nöfnin á nýjum stjórnarkonum um leið og aðalfundir hafa verið haldnir í deildunum og nýjar stjórnir kosnar. Einnig

væri gaman að fá frá ykkur skýrslu formanns fyrir starfstímabil síðustu stjórnar um leið og þið setjið þá skýrslu á vefinn ykkar.

Verum virkar – styrkjum starfið

Næsti fundur framkvæmdaráðs verður væntanlega í byrjun september (nánari dagsetning ákveðin síðar) og þangað mæta nýir formenn. Vonandi kynnið þið fyrir nýrri stjórn að á þá fundi sé nánast „skyldumæting“ :-). Einnig væri gott að fá frá ykkur ábendingar um efni sem þið teljið að við ættum að fara yfir með nýjum formönnum. Ég sendi ykkur í tölvupósti nýjustu leiðbeiningar fyrir formenn og gjaldkera deilda sem gefnar eru út af alþjóðasambandinu og finna má á vef þess.

Að lokum

Að lokum minni ég á að Samskipta- og útgáfunefndin er á fullu þessa dagana við að hanna vorfréttabréfið okkar. Þær munu væntanlega senda formönnum póst með ósk um efni frá deildum (ef þær eru þá ekki þegar búnar að því) og bið ég ykkur um að bregðast fljótt og vel við erindi þeirra.

Bestu kveðjur!

Eygló Björnsdóttir, forseti DKG